

1872.

9. ágúst.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar, til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir umsjón á gjöldum til umboðskirkna.

Eptir tilmælum umboðsmanns Kirkjubæjar og Þykkvabæjar-klausturs, Jóns dannebrogsmanns Jónssonar, hafið þér, herra stiptamtmaður í bréfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., stungið uppá, að veita megí tæðum umboðsmanni sem reikningshaldara kirkna umboðsins á Prestbakka, Langholti og Þykkvabæ hina sömu þóknun, sem reikningshöldurum þeirra kirkna á Íslandi, sem eigi heyra til ríkissjóðsins, er leyft að taka, samkvæmt reglum (um kirkjureikninga), sem biskupinn yfir Íslandi hefir gefið út 28. febr. 1867, fyrir flutning og verzlun á landaurum þeim, sem greiðast í kirkjugjöld.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið hefir eigi fundið ástæðu til að veita það, sem sókt er um.

9. ágúst.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um nafnbótaskatt amtmanns.

Í bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt beina leið og sem vèr sendum yður eptirrit af, hefir amtmaður Havstein látið í ljósi þá skoðun, að hann sè að réttu lagi undanþeginn því að gjalda nafnbótaskatt síðan hann fèkk lausn frá amtmanns-embættinu 1. nóvbrm. 1870, og hefir hann jafnframt, ef svo færi, að ekki yrði fallizt á þessa skoðun hans, sókt um, að verða laus við að greiða nafnbótaskatt þann, sem heimtaður hefir verið að honum fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1870 til 31. marz 1871, og svo eptirleiðis.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þér, herra amtmaður, tilkynnið amtmanni Havstein, að með því svo sè álitíð, að em-